



Umhverfis- og lofslagsstefna Fjarðabyggðar 2020-2040

Nóvember 2020

ATA


Umhverfis- og lofslagsstefna
Fjarðabyggðar 2020-2040





Efnisyfirlit

Inngangur	5
Hlutverk sveitarfélagsins	6
Loftslag	8
Losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju	9
Landslag	10
Náttúru- og búsetulandslag Fjarðabyggðar	11
Lýðheilsa	12
Heilsueflandi samfélag í Fjarðabyggð	13
Leiðarljós	15
Leiðarljós 1	16
Leiðarljós 2	16
Leiðarljós 3	16
Leiðarljós 4	16
Leiðarljós 5	16
Áhrifapættir	19
1 Landnotkun og landbúnaður	22
2 Iðnaður	26
3 Vegasamgöngur	28
4 Úrgangur	30
5 Mannvirkjagerð	32
6 Rekstur sveitarfélagsins	34
Næstu skref	39







Inngangur

Fjarðabyggð er sveitarfélag, þar sem virðing er borin fyrir náttúru, umhverfi, samfélagi og menningarminjum. Stefna sveitarfélagsins í umhverfismálum er að vera til fyrirmyndar í hverju því sem tengist verndun og viðhalds náttúru og umhverfi, velferð íbúa og varðveislu menningarminja.

Hér er sett fram umhverfisstefna Fjarðabyggðar til ársins 2040. Stefnunni er ætlað að varpa ljósi á núverandi stöðu í umhverfismálum, setja fram markmið í anda heimsmarkmiðanna og móta leiðir til að ná þeim markmiðum.

Í umhverfisstefnu Fjarðabyggðar eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun höfð að leiðarljósi. Allar ákvarðanatökur og framkvæmdir, rekstur og innkaup sem önnur starfsemi sveitarfélagsins mun taka mið af heimsmarkmiðunum og sjálfbærni.

Með sjálfbæra þróun sem markmið er verið að leggja áherslu á að virða náttúruafur og varðveislu umhverfis eins og kostur er. Ekki verði dregið úr möguleikum komandi kynslóðar til að mæta þörfum sínum.

Fjarðabyggð er kraftmikið sveitarfélag þar sem stóriðnaður vegur þungt. Landnýting er stór þáttur í uppbyggingu innviða og með umhverfisstefnunni verður þeim þörfum mætt er varða atvinnuuppbyggingu út frá sjálfbærni og virðingu við náttúru.

Umhverfisstefnan er liður í að skipuleggja nýtingu náttúruauðlinda í Fjarðabyggð og hvernig megi nýta á sem sjálfbærastan hátt vistkerfi náttúruauðlindanna. Aðalskipulag Fjarðabyggðar leikur veigamikil hlutverk en jafnframt er mikilvægt að fyrirtæki og einstaklingar tileinki sér sjálfbæra nálgun í sínum störfum og daglega lífi.


Hlutverk sveitarfélagsins

Fjarðabyggð, sem stjórnvald, hefur mikil áhrif á það hvernig gengið er um náttúru og auðlindir í sveitarfélaginu. Skipulag er eitt helsta stjórnækið og þar er eðlilegt að umhverfissjónarmið séu í fyrirrúmi, sbr. markmiðsákvæði skipulagslaga. Sama á við um hlutverk sveitarfélagsins í útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa.

Mörg önnur lögboðin viðfangsefni sveitarfélaga hafa umhverfisáhrif, t.d. förgun úrgangs og fráveita.

Sveitarfélagið getur einnig haft margvísleg áhrif á það sem aðrir gera, t.d. með fræðslu og hvatningu, á sama hátt og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru sveitarstjórnnum gagnleg áskorun og hvatning til góðra verka.

Í lögum um loftslagsmál er áskilið að sveitarfélög marki sér loftslagsstefnu og birtist hún hér.






Loftslag

Ísland er aðili að Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna, Kyoto-bókuninni og Parísarsamkomulaginu. Markmið Parísarsamningsins er að halda hækkun hitastigs jarðar undir 2°C miðað við meðalhitastig við upphaf iðnvæðingarinnar, en jafnframt skuli leitast við að halda hækkuninni undir 1,5°C.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, sem gefin er út af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, er helsta tæki stjórnvalda til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins til 2030 og metnaðarfullu markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040. Eðlilegt er að sveitarfélög setji fram markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í takt við skuldbindingar og markmið íslenska ríkisins.

Í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er fjallað um aðgerðir í loftslagsmálum. Þar kemur fram að bæta þarf viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara m.a. með stefnumörkun stjórnvalda og skipulagi. Auk þess verði menntun aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig almenningur og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum.



Þrjú flokkar aðgerða í loftslagsmálum (Skipulagsstofnun (2019). [Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu](#)).



Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir beina ábyrgð stjórnvalda er öll losun Íslands að undanskilinni losun sem fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins (ESB) með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Helstu losunarflokkar á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda eru orka, iðnaðarferlar og efnanotkun, landbúnaður og úrgangur. Orka (jarðeldsneytisbruni og jarðvarmavirkjanir) var uppspretta 39% af losun Íslands árið 2018. Þar af vege vegasamgöngur þyngst (51%) og losun frá fiskiskipum næstþyngst (29%).

Fyrirtæki sem losa gróðurhúsalofttegundir yfir ákveðnum viðmiðum og flugstarfsemi falla undir viðskiptakerfi ESB.

Í umhverfisstefnunni er fjallað um þá losun gróðurhúsalofttegunda sem er talin falla undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda og sveitarfélagið getur haft áhrif á með sinni stefnumótun.



Skíðasvæðið í Oddskarði.

Landslag

Mikilvægt er að huga að því hvernig þau gæði sem felast í landslaginu eru nýtt og hvernig mannvirki taka mið af náttúrulegu landslagi, byggð og staðaranda sem fyrir er. Hugtakið landslag getur bæði átt við svokallað borgarlandslag, byggðamynstur og almannarými í þéttbýli, menningar- eða búsetulandslag í dreifbýli og hið náttúrulega landslag í dreifbýli og óbyggðum.

Mikilvægt að ganga vel um gæði jarðarinnar, varðveita og nýta auðlindir náttúrunnar, með sjálfbærni að leiðarljósi, til þess að tryggja að komandi kynslóðir geti einnig notið þeirra. Náttúrulegt umhverfi og búsetulandslag Fjarðabyggðar er auk þess tekjulind vegna ferðamennsku, sjálfbærrar orkuframleiðslu og matvælaframleiðslu.

Því er mikilvægt að sveitarfélagið móti skýra stefnu um mannvirkjagerð, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, til þess að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag Fjarðabyggðar og tryggja vandaða og áhugaverða uppbyggingu, sem að styður við það landslag og þá byggð sem fyrir er.



Horft yfir Mjóafjörð.



Náttúru- og búsetulandslag Fjarðabyggðar

Náttúrulegt landslag Fjarðabyggðar er stórbrotið og sérstætt með djúpa skörðotta firði sem hafa mótast af framskriði jökla á síðustu ísöldum. Firðirnir eru í laginu eins og baðkar, með u-laga botni og háum bröttum hlíðum fjalla beggja vegna við og egglega fjallstoppa. Í hlíðum fjallanna inn með fjörðunum hafa myndast hvelfingar eftir hliðar jökla (hveljökla), sem við bráðnun íss hafa skorið hlíðarnar þvert niður og myndað þannig djúp gil.

Inn til dala og þar sem land hefur dreift úr sér undir fjallshlíðum hefur myndast byggð, þéttbýliskjarnar mynduðust þar sem aðgengi að sjó var gott og búskapur þróaðist út frá landnáði. Í Fjarðabyggð er þó nokkuð um eyðibygðir þar sem fram á fyrri hluta tuttugustu aldar var blómleg byggð. Gerpissvæðið er samfella slíks svæðis sem geymir bæði einstakt landslag, plöntuvist og menningu. Jafnframt er að finna á flestum annesjum Fjarðabyggðar einstök svæði sem geyma ekki svo löngu horfna sögu útræðis Austfirðinga. Á sumum þessara svæða s.s. Vattarnesi og Hafnarnesi eru enn standandi verbúðarhús og hafnarmannvirki þess tíma.

Í Fjarðabyggð er að finna einstaka búsetu á landsvísu, s.s. í Mjóafirði. Mjóifjörður er fámennasta byggð sveitarfélagsins en þar búa í dag einungis nokkrar fjölskyldur, og er ófært landleiðina að mestu frá því að fyrst fer að snjóa á haustin/vetna og þar til snjóa tekur að leysa á vorin. Á þeim tíma er ferðast sjóleiðina. Náttúra, saga og menning þessa svæðis ber vitni um nægjusemi, þrautseigju og stóíska ró.




Fáskrúðsfjörður.

Lýðheilsa

Það getur verið erfitt fyrir fólk að tengja við loftslagsmálin, sem eru hnattrænt viðfangsefni, vandamál þar sem gjörðir hvers einstaklings eru aðeins dropi í hafið. Hins vegar er lýðheilsa eitthvað sem að við eigum auðveldara með að tengja við, okkur er öllum annt um eigin heilsu og þeirra sem eru okkur nákomnir.

Lýðheilsa og umhverfismál almennt eru nátengd, því það sem er gott fyrir okkur er líka gott fyrir umhverfið. Líkt og með loftslagsmálin og verndun landslags og byggðarmynsturs, þá er skipulag helsta verkfæri sveitarfélaga til að tryggja heilnæmt umhverfi og stýra mannvirkjagerð þannig að hún hafi jákvæð áhrif á lýðheilsu. Gott aðgengi að ósnortinni náttúru hefur einnig góð áhrif á andlega og líkamlega heilsu.

Fyrirkomulag byggðar getur hvatt til og auðveldað útiveru og hreyfingu í daglegu lífi, stuðlað að vellíðan og skapað tækifæri til samveru, auk þess að tryggja heilnæmi umhverfisins almennt. Þar má nefna skipulag göngu- og hjólastíga, almenningsgangna, útivistarsvæða, matjurtagarða og aðgerðir til að bæta hljóðvist og loftgæði við stórar umferðaræðar.



Umhverfis-, efnahags-, samfélags- og lífsstílsþættir sem hafa áhrif á heilsu fólks.



Heilsueflandi samfélag í Fjarðabyggð

Fjarðabyggð er þátttakandi í verkefninu um Heilsueflandi samfélag, sem leggur áherslu á að líkamleg og andleg heilsa og líðan íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun. Lögð er áhersla á að bæta félagslegt og manngert umhverfi íbúa, draga úr ójöfnuði og styrkja forvarnar- og heilsueflingarstarf til þess að draga úr langvinnum sjúkdómum. Það er ýmsir þættir sem geta haft áhrif á heilsu fólks, s.s. aðgengi að náttúru og grænum svæðum, fyrirkomulag byggðar, heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, skólasamfélagið, aðbúnaður eldri borgara, forvarnir og öryggismál, æskulýðs- og íþróttastarf.

Með verndun náttúrulegs umhverfis og mótun manngerðs umhverfis er hægt að hafa áhrif á heilsuhegðun fólks og hvetja til hreyfingar og heilbrigðra lífshátta. Þéttbýliskjarnar í Fjarðabyggð eru í mikilli nálægð við ósnortna náttúru með óþrjótandi útivistarmöguleika. Mikilvægt er að tryggja öruggt aðgengi að náttúrunni til þess að auðvelda fólki að njóta hennar án þess að hún verði fyrir óhóflegu álagi. Skipulag og hönnun byggðar ætti að ýta undir hreyfingu, t.d. með göngu- og hjólreiðastígum og grænum svæðum. Lýðheilsa er lykiláhersla í umhverfisstefnu Fjarðabyggðar.



Frá landsmóti 50 plús.





Leiðarljós

Leiðarljós umhverfisstefnu Fjarðabyggðar eru fimm. Þrjú fyrstu byggja á áherslusviðunum þremur; loftslagi, landslagi og lýðheilsu. Auk þess eru tvö leiðarljós til viðbótar, sem snúa annars vegar að vistvænum áherslum í rekstri sveitarfélagsins, og hins vegar að vitundarvakningu meðal íbúa um umhverfismál.

Umhverfisstefnan er eitt megin verkfæri Fjarðabyggðar til að þróast í átt að sjálfbærni. Leiðarljós og markmið umhverfis- og loftslagsstefnunnar fjalla um málefni sem birtast í eftirfarandi 9 af 17 markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:



5 leiðarljós



Leiðarljós 1

Sveitarfélagið vill leggja sitt af mörkum í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bregðast við loftslagsvá.



Leiðarljós 2

Fjarðabyggð mun standa vörð um náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu og vernda líffræðilegan fjölbreytileika vistkerfa, náttúru og landslag.



Leiðarljós 3

Í Fjarðabyggð eiga allir íbúar að njóta heilbrigðs umhverfis og ríkulegra tækifæra til að stunda heilbrigðan lífsstíl.



Leiðarljós 4

Í daglegu starfi stjórnarsýslu og stofnana sveitarfélagsins sýna starfsmenn það í verki að borin er umhyggja fyrir náttúru og umhverfi.



Leiðarljós 5

Þekking og vitund um mikilvægi umhverfisverndar er órjúfanlegur þáttur í öflugu samfélagi.







Áhrifaþættir

Umhverfisstefnan er sett fram eftir eftirfarandi áhrifaþáttum, sem allir hafa á einhvern hátt áhrif á umhverfisþættina; loftslag, landslag og lýðheilsu:

- Landnotkun og landbúnaður
- Iðnaður
- Vegasamgöngur
- Úrgangur
- Mannvirkjagerð
- Rekstur sveitarfélagsins

Í upphafi hvers kafla er fjallað um áhrifaþáttinn og birtar tölulegar upplýsingar fyrir Fjarðabyggð, t.d. mælingar á núverandi losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir hvern áhrifaþátt eru skilgreind markmið og leiðir til þess að stefna í átt að markmiðunum.



Áhrifaþættir hafa svipuð áhrif á loftslag, landslag og lýðheilsu. Það sem er gott fyrir okkur er gott fyrir umhverfið.



	Umhverfisþættir		
Áhrifaþættir	Loftslag	Landslag	Lýðheilsa
Landnotkun og landbúnaður	Verndun votlendis og gróðurs. Forðast verður að fara í uppbyggingu á ósnortnu landi. Kolefnisbinding með endurheimt votlendis og skógrækt. Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.	Verndun náttúrulegs umhverfis, menningar- og búsetulandslags. Öruggar og skýrt afmarkaðar aðkomuleiðir til að koma í veg fyrir átroðning. Mannvirkjagerð taki mið af landslagi og þeirri byggð sem fyrir er.	Auðvelda aðgengi að ósnortinni náttúru og útivist sem bætir andlega og líkamlega heilsu. Verndun lífríkis styður líffræðilegan fjölbreytileika. Áhersla á matjurtarækt, sem hefur jákvæð áhrif á heilsu.
Iðnaður	Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með rafvæðingu verksmiðja og hafna.	Vönduð hönnun mannvirkja til þess að draga úr sjónrænum áhrifum.	Minni loftmengun, sem hefur jákvæð áhrif á heilsu.
Vegasamgöngur	Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að minnka ferðapörf, breyttum ferðavenjum og orkuskiptum.	Jákvæð áhrif á byggðarmynstur og almenningsrými í þéttbýli þar sem lögð er áhersla á virka ferðamáta.	Minni loft- og hljóðmengun og aukin hreyfing með virkum ferðamátum og orkuskiptum.
Úrgangur	Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.	Minna land tekið undir landfyllingar með tilheyrandi sjónrænum áhrifum.	Hreinna og fallegra umhverfi, sem bætir andlega og líkamlega heilsu.
Mannvirkjagerð	Dregið úr losun með minni efnisflutningum vegna minni efnisnotkunar, styttnum flutningsleiðum og vistvænu byggingarefni.	Verndun byggðarmynsturs og hönnun vistvæna mannvirkja sem hafa jákvæð sjónræn áhrif.	Verndun eldra húsnæðis og áhersla á vistvæna og vandaða hönnun sem að hefur jákvæð áhrif á staðaranda og andlega heilsu. Umhverfisvæn efnisnotkun er síður heilsuspillandi.

Áhrifaþættirnir hafa allir einhvern konar áhrif á umhverfisþættina þó að tengslin séu missterk. Taflan gefur vísbendingar um hvernig draga má úr áhrifum.

1 Landnotkun og landbúnaður

Gróðurþekja í Fjarðabyggð er góð í dag og lítið um rofsvæði. Í bröttum hlíðum fjallanna, sem umlykja firðina, nær gróðurþekjan upp undir efstu klettarönd. Kjarr vex í miðjum hlíðum fjallanna frá annesjum inn í dali, þar hafa hingað til verið gjöful berjalönd sem stafar nú ógn af ágangi lúpínunnar.

Gróðurvistkerfin hafa frá landnámi þróast samhliða landnytjum og þá helst vegna sauðfjárbeitar. Gróðurvist er einstök á Austurlandi og í Fjarðabyggð er að finna plöntur sem vaxa ekki í öðrum landshlutum. Sumir vaxtarstaðanna eru á svæðum sem þegar eru undir vernd en önnur vaxtarsvæði eru lítt sem ekkert vernduð. Huga þarf að verndun vistgerða og meta verndargildi svæða út frá mikilvægi þeirra fyrir nærsvæðið, á landsvísu og heimsvísu.



Grænn trefill í nágrenni þéttbýlis.



Forvitið sauðfé upp á hól, Reyðarfjörður.

Á Íslandi eru mikil tækifæri til að binda kolefni úr andrúmslofti vegna skógar- og jarðvegseyðingar á liðnum öldum. Ein helsta uppspretta koldíoxíðlosunar á Íslandi er framræst votlendi. Þar kemst súrefni að kolefni í plöntum sem áður voru á kafi í vatni og þannig varðar fyrir oxuninni. Afleiðingin er nokkurs konar bruni gróðurleifanna sem koma upp úr kafinu. Með endurheimt votlendis verður til þríþætt hagkvæmni; endurheimt vistkerfis, losun koltvísýrings hættir og binding hefst þess í stað. Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er talin vera um 13 % frá landbúnaði og þá aðallega vegna metanlosunar jörturdýra. Mögulegt er að minnka losun frá landbúnaði með t.d. lífrænni ræktun, aukinni akuryrkju, meiri skógrækt, endurheimt votlendis, úrvinnslan metans úr mykju ofl.

Stóran hluta landnotkunar af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi má rekja til landnotkunar. Það er því til mikils að vinna að kortleggja óræktuð framræst landsvæði þar sem hægt er að endurheimta votlendi. Skógrækt er mikilvæg í takmörkun á losun koltvísýrings. Með því að



kortleggja skógræktarsvæði, þar sem skógur vex nú þegar og mögulega ný svæði er geta lands til að binda kolefni metin og hámrökuð. Skógrækt getur bundið á ári að meðaltali 8 tonn af koltvioxíði á hektara

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er talin vera um 13 % frá landbúnaði og þá aðallega vegna metanlosunar jörturdýra. Mögulegt er að minnka losun frá landbúnaði með t.d. lífrænni ræktun, aukinni akuryrkju, meiri skógrækt, endurheimt votlendis, úrvinnslu metans úr mykju ofl.

Tölulegar upplýsingar

Samkvæmt grófu mati út kortlagningu á framræsluskurðum í Fjarðabyggð eru:

- » 2.000 ha af túnum í Fjarðabyggð
- » 1.500 ha (75%) af túnum á framræstu landi
- » 500 ha aflögð tún á framræstu landi
- » Framræst votlendi losar um 20,9 tonn á hektara.
- » 40.000 tonn af koltvísýringi losna á ári frá framræstu votlendi í Fjarðabyggð. Þetta er á við 2.000 fólksbíla.

Á móti losun kemur binding kolefnis t.d. í skógrækt. Bindingin er mismikil eftir tegundum, frá 3,5 tonnum á hektara í birkiskógi og upp í 20 tonn á hektara á ári í asparskógi.

Skv. gögnum Skógræktarinnar er náttúrulegt birki innan Fjarðabyggðar 5.583 ha og ræktað skóglendi 1.195 ha. Árleg binding skóganna gæti þá verið tæp 30.000 tonn á ári.



Náttúrulegur birkiskógur í Grænafell, Reyðarfirði.

Markmið 1.1.

Fjarðabyggð vill draga úr losun koltvísýrings og auka bindingu með **endurheimt votlendis og skógrækt**, þar sem því verður við komið. Sveitarfélagið mun beita áhrifum sínum að því að búseta og starfsemi í Fjarðabyggð verði kolefnishlutlaus árið 2040.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Kortleggja framræst votlendi sem er ekki í notkun og endurheimta votlendi í eigu sveitarfélagsins (og hvetja til þess á landi m.a. ríkisins).
- » Hafa frumkvæði að samstilltu átaki sveitarfélagsins, skógræktarféлага og einkaaðila um kolefnisbindingu með endurheimt votlendis og skógrækt.
- » Koma í veg fyrir/takmarka framræsingu votlendis sem komast má hjá.

Markmið 1.2.

Fjarðabyggð vill koma í veg fyrir skemmdir á **viðkvæmu landi, menningarminjum og vistkerfi**, sem eru mikilvægar auðlindir.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Hafa frumkvæði að því að skipuleggja landgræðslu á rofnu landi í samráði við landeigendur og Landgræðsluna.
- » Tryggja að eyðibygðir og menningarminjar verði verndaðar fyrir ágangi og hnjaski af völdum manna og dýra.



Tjörn á Breiðdalsvík.



Markmið 1.3.

Fjarðabyggð vill styðja við **vistvænan landbúnað og fjölbreytta matvælaframleiðslu** í sveitarfélaginu.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Styðja við búskap í Fjarðabyggð með fræðslu/kynningu um nýja landbúnaðarhætti og virku samtali við bændur.
- » Styðja við lífræna ræktun og akuryrkju í sveitarfélaginu með því að bjóða upp á fræðslu og stuðning við bændur.
- » Skoða möguleika á að bændur vinni metan úr mykju.
- » Stuðla að því að bændur geti nýtt moltu sveitarfélagsins sem áburð.
- » Hvetja bændur til að taka regluleg jarðvegssýni og bera á áburð í samræmi við þau.
- » Auka aðgengi íbúa að ræktarlandi fyrir borgarbúskap í þéttbýli og skoða möguleika á sölutorgi heimaunninna afurða.



Lambagras, Silene acaulis.

2 Iðnaður

Í Fjarðabyggð er öflug atvinnustarfsemi sem telur allt frá einyrkjum í stór alþjóðleg fyrirtæki. Talsvert fer fyrir fiskvinnslu og áliðnaði, ásamt fiskeldi. Umhverfisstefnan flokkar ekki fyrirtæki út frá stærð eða umfangi enda er slík flokkun matskennd og síbreytileg.

Fjarðabyggð er vel sett hvað varðar raforku fyrir orkuskipti í hinum ýmsu geirum og er t.a.m. talið að næg raforka sé þegar fyrir hendi fyrir rafvæðingu hafna. Einnig kemur til greina að skoða möguleika á vindmyllugarði í sveitarfélaginu en gæta þarf að sjónmengun og áhrifum á landslag.



Höfnin í Breiðdalsvík.



Markmið 2.1.

Fjarðabyggð vill styðja framsækna og öfluga **iðnaðarstarfsemi** í sveitarfélaginu **með sjálfbærni að leiðarljósi**.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Hvetja fyrirtæki til þess að setja sér skýra stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- » Hvetja umfangsmikinn iðnað til að tileinka sér grænt bókhald og grænar lausnir í umhverfismálum.
- » Hvetja til nýsköpunar á sviði grænna lausna, t.a.m. með fullnýtingu hráefnis og endurnýtingu úrgangs.
- » Styðja við fiskmarkað til að auðvelda aðgengi að hráefni sem er landað og framleitt í Fjarðabyggð.

Markmið 2.2.

Fjarðabyggð vill styðja við **orkuskipti í iðnaðarstarfsemi** og stuðla að auknu framboði á vistvænni orku í sveitarfélaginu.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Greiða götu rafvæðingar allrar umfangsmikillar iðnaðarstarfsemi og hafna fyrir árið 2040.
- » Kortleggja möguleika á hagnýtingu vindorku í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að huga að sjónrænum áhrifum vindmylla á landslag.



Eskifjörður.

3 Vegasamgöngur

Fjarðabyggð er fjölkjarna samfélag en í sveitarfélaginu eru sex byggðakjarnar og svo dreifð byggð út með fjörðum og inn dali. Vegasamgöngur eru stór losunarpáttur í svo dreifðri byggð og er því lögð áhersla á aðgerðir í vegasamgöngum til að draga úr losun koltvísyrings í sveitarfélaginu.

Vegalengdir eru þó nokkrar og almenningssamgöngur stopular. Það eru tækifæri til að bæta almenningssamgöngur og göngu- og hjólatengingar milli byggðarkjarna þó það sé ekki raunhæft að samfélagið fari næsta áratuginn alfarið úr einkabílum yfir í almenningssamgöngur eða virka ferðamáta.

Hins vegar eru meiri tækifæri til að hafa áhrif á ferðavenjur innan hvers þéttbýliskjarna með því að þétta byggð og bæta innviði fyrir gangandi, hjólandi, rafmagnshlaupahjól og aðra virka ferðamáta. Gönguvænt umhverfi í þéttri byggð styður við nærþjónustu, eykur mannlíf á götum og hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu.

Auk þess er mikilvægt að líta til þess að minnka kolefnislosun einkabílsins með því að fjölga hraðhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla og líta til metanstöðva. Auk þess ætti sveitarfélagið að vera fyrirmynd með vistvænni innkaupum á bílum s.s. tvinnbílum, rafmagnsbílum o.s.frv.



Neskaupstaður.



Markmið 3.1.

Fjarðabyggð vill styðja við **orkuskipti í samgöngum** og vistvæna ferðamáta milli byggðarkjarna í sveitarfélaginu.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Stuðla að fjölgun og bættu aðgengi að hraðhleðslustöðvum (og stöðvum fyrir aðra vistvæna orkugjafa) í hverjum byggðarkjarna í Fjarðabyggð. Hraðhleðslustöðvar yrðu t.d. við verslanir, hótél og tjaldsvæði.
- » Stuðla að bættum almenningssamgöngum á milli byggðarkjarna svo það verði raunhæfur kostur fyrir íbúana. Auka tíðni almenningssamgangna svo þeir sem vinna dagvinnu á tímanum 8-17 geti nýtt almenningssamgöngurnar þvert á allt sveitarfélagið.
- » Stuðla að samvinnu við Vegagerðina við það að leggja hjóla- og gönguleiðir á milli byggðarkjarna þar sem því verður við komið á næstu 20 árum.

Markmið 3.2.

Fjarðabyggð vill skapa góð skilyrði fyrir **virka ferðamáta innan þéttbýliskjarna** í sveitarfélaginu til að draga úr losun koltvísýrings, auðga bæjarlífið og bæta lýðheilsu.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Skilgreina vaxtarmörk þéttbýliskjarna þar sem gert er ráð fyrir að sem mest af nýrri uppbyggingu verði og setja lágmarkskröfu um tiltekinn þéttleika byggðar á nýjum uppbyggingarsvæðum.
- » Nýta lausar lóðir í eldri bæjarhlutum fyrir nýbyggingar.
- » Beina uppbyggingu á verslun og þjónustu sem næst miðju hvers byggðarkjarna til að auðvelda íbúum að sinna erindum sínum fótgangandi eða hjólandi.
- » Tryggja að hönnun og yfirbragð byggðar taki mið af fjölbreyttum ferðamátum. Hafa gott aðgengi að skólum, verslun og annarri þjónustu fyrir gangandi og hjólandi og hugað sé að skjóli og afstöðu sólar við mótun byggðar.
- » Tryggja öryggi gangandi og hjólandi með því að hægja á umferð. Skilgreina svæði í miðju þéttbýliskjarna þar sem bílaumferð er takmörkuð.
- » Setja viðmið um hámarksfjölda bílastæða á uppbyggingarsvæðum með áherslu á samnýtingu.

4 Úrgangur

Aukin flokkun og endurnýting er hluti af hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og því að stuðla að sjálfbærni. Með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og minna land er tekið undir landfyllingar með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Þannig verður umhverfið okkar og náttúran hreinni og heilnæmari.


Í Fjarðabyggð er starfrækt móttökustöð fyrir sorp þar sem tekið er á móti flokkuðu sorpi af öllum Austfjörðum, og því komið áfram til ýmist endurvinnslu, endurnýtingar, jarðgerðar eða urðunar. Þriggja tunnu kerfið var tekið í notkun hjá Fjarðabyggð í febrúar 2018. Það kerfi býður upp á flokkun á almennu sorpi (óflokkanlegur úrgangur), endurvinnanlegum úrgangi (pappír, plast og járn) og lífrænum úrgangi. Á milli áráanna 2018 og 2019, jókst bæði magn lífræns og endurvinnanlegs úrgangs.

Tölulegar upplýsingar

Árið 2019 var urðað á Þernunesi 992 tonn af úrgangi frá fyrirtækjum og 375 tonn af almennu sorpi, alls um 1.400 tonn af sorpi í Fjarðabyggð. Það sem var urðað er einna helst: Almenn sorp, fita, litað timbur, grófur úrgangur og seyra.

Á milli áráanna 2018 – 2019 ára minnkaði urðun frá fyrirtækjum um 129 tonn sem er 12% minnkun. Urðun á almennu sorpi (heimilisúrgangur) minnkaði jafnframt á milli ára 2018 - 2019 um fimm prósentustig eins og myndin hér til hliðar sýnir.

SORPHIRÐA Í FJARÐABYGGÐ SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Sorphirða í Fjarðabyggð.



Flokkunartunna (Mynd af heimasíðu Terra, tekið af vef 8. júní 2020).



Markmið 4.1.

Fjarðabyggð vill draga úr hvers kyns sóun verðmæta og myndun úrgangs. **Endurnýting og endurvinnsla** verði eðlilegur hluti af hversdagslífi íbúa. Fjarðabyggð stefnir að því að almennt sorp frá heimilum og fyrirtækjum, sem fer til urðunar, minnki niður í 20% fyrir 2030 (35-40% minnkun frá því sem nú er).

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Hefja fræðsluáttak um flokkun á sorpi og mikilvægi þess að minnka almennt sorp. Fræðslan þarf að fara fram maður á mann, kenna þarf flokkun og útskýra á mannamáli hvað gerist þegar ekki er flokkað.
- » Efla starfsstöðvar Fjarðabyggðar í flokkun og fræðslu um flokkun ásamt því að innleiða grænt bókhald.
- » Stuðla að uppbyggingu á móttökustöðvum þar sem að íbúar geta losað sig við flokkað sorp við verslunarkjarna í hverjum byggðarkjarna.
- » Hvetja íbúa til að nýta móttökustöðvar og sleppa því að hafa sorptunnur við heimili sitt með því að veita afslátt af sorphirðugjöldum.
- » Stuðla að endurnýtingu með því hvetja til reksturs nytjamarkaða. Nytjamarkaðir geta dregið úr verðmætasóun og urðun ásamt því að vera atvinnuskapandi.

Markmið 4.2.

Fjarðabyggð vill stuðla að jarðgerð og **nýtingu lífræns úrgangs**, að flokkun verði eflid enn frekar og hvetja til uppbyggingar öflugr nytjamarkaðar.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Takmarka urðun heimilissorps og henni verði nær hætt árið 2040.
- » Fræða og sýna fram á kosti jarðgerðar heima.
- » Sjá til þess að jarðgerður lífrænn úrgangur (kraft-molta) frá heimilum verði aðgengilegur öllum íbúum og bændum sem jarðvegsbætir.
- » Bjóða upp á stöðuga fræðslu um flokkun fyrir almenning, fræðslufni verði bæði auðsótt, fræðandi og áhugavert.
- » Hvetja til reksturs nytjamarkaðar fyrir stórt sem smátt; föt, búsáhöld, byggingavörur o.fl.



Heimamoltugerð (Mynd af heimasíðu þekkingarseturs Suðurnesja, sótt af vef 6. júní 2020).

5 Mannvirkjagerð

Fjarðabyggð er framsækið sveitarfélag þar sem nú þegar er til staðar stóriðja, fiskvinnslur og fiskeldi í sjó. Slíkur iðnaður kallar á nýtingu náttúruauðlinda á borð við malarefni. Efnistaka er umtalsverð í sveitarfélaginu og órjúfanlegur hluti uppbyggingar og þá sérstaklega í tengslum við landfyllingar vegna hafnsækinnar starfsemi. Fjarðabyggð rekur aðra stærstu uppskipunarhöfn landsins.

Öll önnur starfsemi innan sveitarfélagsins, stór sem smá, þarfnast á einn eða annan hátt einhverskonar viðhalds til að geta mætt kröfum samtímans.

Aukinn iðnaður kallar á aukna byggð og hefur Fjarðabyggð haft þó nokkra vaxtaverki á undanförunum árum. Efnistaka hefur verið umtalsverð, bæði á sjó og landi ásamt ýmiskonar öðru raski á landi. Einnig hefur bæst umtalsvert af iðnaðar- og íbúðarhúsnæði á í flesta byggðakjarna Fjarðabyggðar á undanförunum tuttugu árum.



Reyðarfjörður.



Markmið 5.1.

Fjarðabyggð vill **stuðla að vistvænni uppbyggingu** í sveitarfélaginu. Við mannvirkjagerð verði hugað að umhverfis- og sjónrænum áhrifum á náttúrulegt landslag og þá byggð sem fyrir er.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Kortleggja flóðasvæði og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem þess þarf, t.d. reisa varnarmannvirki við sjávarsíðuna, auka gegndræpt yfirborð og setja kröfur um lágmarkslandhæð og gólfkóta fyrir nýja byggð á lágsvæðum m.t.t. hækkandi sjávarborðs og flóðahættu vegna loftslagsbreytinga.
- » Stuðla að innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna innan byggðar, sérstaklega þar sem hætta er á flóðum í miklum rigningum. Með blágrænum ofanvatnslausnum er regnvatni og snjóbráð veitt í græna geira á yfirborði í stað regnvatnslagna neðanjarðar. Þær hægja á vatnsstreymi og hreinsa mengun úr ofanvatninu áður en það rennur í viðtaka, þ.e. sjó eða votlendi. Bæjarrými verða grænni og fallegri og líffræðilegur fjölbreytileiki eykst.
- » Stuðla að verndun gamalla húsa og mannvirkja, sem eru hluti af sögu byggðarinnar og mikilvæg fyrir staðaranda.
- » Hvetja til þess að ný uppbygging taki mið af landslagi og þeirri byggð sem fyrir er. Notast verði við vistvæn byggingarefni og stefnt að því að nýbyggingar á vegum sveitarfélagsins verði umhverfisvottaðar.

Markmið 5.2.

Fjarðabyggð leggur áherslu á að við alla efnistöku verði leitast við að **nýta náttúruna á sjálfbæran hátt**, efla iðnað án þess að rýra vistkerfin.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Kortleggja efnistökusvæði á sjó og landi, sem þola rask.
- » Kortleggja hvar hægt er að haugsetja umframefni, nýta til landmótunar o.þ.h.
- » Hætt verði að nema efni eða haugsetja það í og við viðkvæm vistkerfi.
- » Kröfur til námuvinnslu verði skýrar er varð umgengni við náttúruauðlinda.
- » Verktökum verði veitt aðstoð vegna leyfisferla og til að mæta kröfum um umgengni og frágang námusvæða.



Fjórar stoðir blágrænna ofanvatnslausna.

6 Rekstur sveitarfélagsins

Samkvæmt 5. gr laga um loftslagsmál nr. 2012/70 skulu stofnanir og fyrirtæki ríkisins og sveitarfélög setja sér loftslagsstefnu sem skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt nauðsynlegum aðgerðum. Loftslagsstefna Fjarðabyggðar er hluti af umhverfisstefnunni, sem hér er sett fram.

Auk þess stefnir Fjarðabyggð að innleiðingu verkefnisins "Græn skref" sem snýst um að innleiða vistvænar áherslur í rekstri sveitarfélagsins. Með verkefninu er stuðlað að því að náttúruauðlindir verði nýttar á sjálfbæran hátt og umhverfisvitund eflid.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með grænum skrefum í rekstri ríkisstofnana en auk þess hafa þó nokkur sveitarfélög tekið upp græn skref í sínum rekstri. Hjá Reykjavíkurborg, sem er komin lengst í innleiðingu á grænum skrefum, er aðgerðum skipt upp í sjö flokka (sjá mynd hér til hliðar) og eru þær innleiddar í fjórum skrefum.



MIDLUN &
STJÓRNUN



SAMGÖNGUR



RAFMAGN
& HÚSHITUN




FLOKKUN &
MINNI SÓUN



VIÐBURÐIR
& FUNDIR



ELDHÚS &
KAFFISTOFUR



INNKAUP

Sjö flokkar grænna skrefa.



Tölulegar upplýsingar

Hjá Fjarðabyggð starfa 528 manns í leik- og grunnskólum, í íþróttamiðstöðvum og sundlaugum, þjónustumiðstöðvum og höfnum ásamt stjórnarsýslu Fjarðabyggðar. Starfsstöðvarnar eru dreifðar á sjö firði sem eru í byggð en í sex af þeim af eru þéttbýliskjarnar með 100 eða fleiri íbúa.

Starfsstöðvar Fjarðabyggðar eru sem hér segir:


- » Stjórnarsýsla - 1
- » Leikskólar - 6
- » Grunnskólar - 6
- » Þjónustukjarnar Félagsþjónustunnar - 5
- » Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar - 6
- » Þjónustumiðstöðvar - 6
- » Hafnir - 7
- » Urðunarstaðir - 1

Sveitarfélagið losaði árið 2019 um 153 tonn af CO2 vegna bruna á dísilolíu og bensíni. Þessi losun skiptist niður á hafnastarfsemi og almenna starfsemi þjónustumiðstöðva og stjórnarsýslu. Fjarðabyggðarhafnir notuðu samtals 57.893 lítra af eldsneyti, þar af var 99% olía og 1% bensín. Þjónustumiðstöðvar og stjórnarsýslan versluðu samtals 33.177 lítra af eldsneyti, þar af var 88% olía og 12% bensín.

Sveitarfélagið hefur ráðist í endurheimt á um 60 ha votlendis og skógræktarfélagin í Fjarðabyggð hafa gróðursett í landi sveitarfélagsins um 460 ha lands, blandaðan trjágróður - lerki, birki, greni. Að auki hafa landeigendur gert samninga við Skógræktina um skógrækt á um 1580 ha lands. Þegar skógur er í vexti á öllu þessu svæði getur binding numið rúmum 16.000 tonnum af koltvísýringi á ári, þar af tæp 4.000 tonn á landi sveitarfélagsins.

Fjarðabyggðahafnir og Fjarðabyggð

Ltr. olíu keypt árið 2019



Magn olíu sem keypt var inn af Fjarðabyggð og Fjarðabyggðarhöfnum árið 2019.

Markmið 6.1.

Fjarðabyggð stefnir að því að **rekstur sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og sýni ábyrga umhverfisstjórnun.**

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Heimila skógrækt á landi sveitarfélagsins og ná þannig bindingu á móti losun.
- » Innleiða "Græn skref" í rekstri allra starfsstöðva sveitarfélagsins fyrir lok ársins 2021. Græn skref verði umhverfisstjórnunartæki sveitarfélagsins sem gengur þannig fram með góðu fordæmi til að auka umhverfisvitund meðal starfsfólks.

Eftirfarandi aðgerðir verði innleiddar í áföngum í samræmi við eðli og stöðu starfsstöðva:

Grænt bókhald og vistvæn innkaup

- » Innleiða grænt bókhald hjá öllum stofnunum Fjarðabyggðar. Bókhald yfir notkun jarðefnaeldsneytis, losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun og úrgangsmagn í rekstri sveitarfélagsins verði birt árlega á vefsíðu Fjarðabyggðar frá og með 2022.
- » Hafa umhverfisvernd og hagræði að leiðarljósi við kaup á nýjum búnaði stofnana sveitarfélagsins, t.d. með því að velja umhverfisvottaðar vörur. Þannig getur sveitarfélagið dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnkað umhverfispor, þ.á.m. losun hættulegra efna.

Vistvænar samgöngur

- » Kaupa bíla sem nota vistvæna orkugjafa og skipta þannig út bílaflota sveitarfélagsins fyrir árið 2040.
- » Hvetja starfsfólk til að halda fjarfundi í stað þess að ferðast með flugi eða bíl ef unnt er. Tryggt verði að starfsfólk hafi aðgang að öllum tækjum sem þörf er á fyrir fjarfundi og fái fræðslu og þjálfun í notkun þeirra.

Vistvæn byggð

- » Stuðla að vistvænu og sjálfbæru umhverfi stofnana með því efnisvali bygginga og gróðri sem kalla ekki á mikið viðhald og blágrænar ofanvatnslausnir, sem hægja á vatnsrennsli í leysingum og rigningartímabilum.

Endurvinnsla og minni sóun

- » Hvetja stofnanir Fjarðabyggðar sem og fyrirtæki til að draga úr plastnotkun. Ekki verði boðið upp á einnota matarílát.
- » Draga úr matarsóun í mötuneytum sveitarfélagsins og tryggja að lífrænn úrgangur fari í moltu.
- » Bjóða upp á mat úr hráefnum sem framleidd eru í sveitarfélaginu og auka framboð á grænmeti og fiski í mötuneytum sveitarfélagsins.



Markmið 6.2.

Fjarðabyggð vill stuðla að **vitundarvakningu um umhverfismál** í sveitarfélaginu og vekja áhuga íbúa á loftslagsmálum og lýðheilsu.

Þetta gerir Fjarðabyggð með því að:

- » Setja loftslagsstefnuna fram á skýran og auðskiljanlegan hátt og kynna vel innan sveitarfélagsins og út á við. Loftslagsáherslan verði hluti af ímynd sveitarfélagsins bæði innan þess og út á við svo íbúar geti verið stoltir af því að vera hluti af framsæknu sveitarfélagi með jákvæða ímynd.
- » Hvetja til þess að loftslagsmálin séu inn í námskrá grunnskóla í sveitarfélaginu.
- » Hvetja til útiveru og hreyfingar t.d. með því að koma upp útikennsluaðstöðu og leggja göngu- og hjólastíga sem er viðhaldið allan ársins hring.
- » Fræða menntastofnanir um ræktun og aðstoða við gerð grænkeragarða á lóðum þeirra. Horfa til sveitarfélaga sem stunda forræktun fyrir íbúa og aðstoða þá við ræktunina.
- » Hvetja til innkaupa á umhverfisvottuðum vörum og vistvænum matvælum.
- » Auðvelda aðgengi að vörum sem framleiddar eru í heimahéraði s.s. fiskur, kjöt o.fl. með því að styðja við matarmarkaði.
- » Stuðla að velferð dýra og manna með því að hvetja til innkaupa á vistvænum og/eða lífrænum vörum.



Börn að leik á Eskifirði.





Næstu skref

Skipulag, bæði aðalskipulag og deiliskipulag, er helsta verkfæri sveitarfélagsins til þess að stýra mannvirkjagerð og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda, vernda náttúrulegt landslag og byggðarmynstur og efla lýðheilsu.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðabyggðar er stefna sú sem hér er mörkuð útfærð í markmiðum og skipulagsákvæðum eftir því sem við getur átt. Umhverfisstefnan snertir einnig gerð deiliskipulags fyrir stök svæði. Unnin verður aðgerðaráætlun með stofnunum sveitarfélagsins fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stuðlað að því að íbúar og fyrirtæki tileinki sér markmið sveitarfélagsins í umhverfismálum.

Hugleiðing að lokum

Hugmyndir okkar um umhverfis- og loftslagsmál fer eftir því úr hvaða átt við lítum til slíkra mála. Umhverfis- og loftslagsstefnan sem upphaflega var lögð var fram sem drög, þann 8. júní 2020, hefur eðlilega tekið einhverjum breytingum vegna ólíkra

sjónarmiða fólks á stefnur og leiðir í málum sem þessum.

Megin stef stefnunnar stendur engu að síður óbreytt, þ.e. að stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins, minnka losun gróðurhúsalofttegunda og stefna að aukinni bindingu koltvísýrings. Stefna Fjarðabyggðar í umhverfis- og loftslagsmálum mun hafa áhrif á okkur öll, íbúa innan sem utan sveitarfélagsins, enda er lagt er upp með það í hugmyndafræði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Áhrif sem munu verða til góðs fyrir okkur og komandi kynslóðir.

